31 13. marz. Samkvæmt þessu og öðrum ástæðum yðar úrskurðast því hjermeð að tjeður úrskurður yðar skal standa óbreyttur.

Þetta eruð þjer beðinn að tilkynna hlutaðeigendum.

32 22. marz. Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu* **um upptöku ólöglega lagðra þorskaneta.** — Útaf því að sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu hefur skipað svo fyrir í brjefum til hreppsstjóranna í Vatnsleysustrandar- og Rosmhvalanesshreppum, að taka skuli upp og flytja í land án undanfarandi rannsóknar og úrskurðar þorskanet þau, er lögð kynnu að verða á svæði því, þarsem fiskiveiðasamþykkt 9. júní f. á. bannar að leggja þorskanet, hafið þjer, herra amtmaður, jafnframt því að senda hingað ítarlega skýrslu sýslumannsins, sem þjer hafið útvegað frá honum, um ástæður þær, sem þessi fyrirskipun er byggð á, getið þess, að þjer eigi fáið sjeð, að slík upptaka, sem fyrirskipuð sje af sýslumanninum, hafi neina stoð í ofangreindri samþykkt, og að ástæður sýslumannsins, að yðar ætlun, aðeins sýni, að hlutaðeigandi dómari geti haft gildar ástæður til að úrskurða, að taka skuli netin upp, en alls ekki, að samþykktin heimili neina undantekningu frá hinni almennu lagareglu, að til að taka upp og leggja hald á annars manns eign þurfi dómsúrskurð, nema að því er snertir net þau, er ræðir um í 2. gr. samþykktarinnar, og hafið þjer þessvegna beiðst úrskurðar landshöfðingjans um málefni þetta.

Hvað nú málefni þetta snertir, þá er það víst, að í samþykktinni frá 9. júní f. á. 1. gr. er aðeins lögð 50—100 kr. sekt ef nokkur leggur þorskanet fyrir utan línu þá, er þar er tiltekin, eður nær landi, en þar er nefnt, en þar á móti talar samþykktin ekki eitt orð um það, að taka skuli upp net þessi og flytja í land, hvar við vel getur hugsast, að eiganda netanna, eða þeim, er legði þau, ástundum orsakast gæti meiri skaði, en sektunum nemur. Eg get því eigi sjeð, að hið opinbera eigi að taka netin upp og flytja til lands, heldur ber því að hafa vakandi auga á því, að enginn leggi svo þorskanet á hinum forboðnu stöðum, að eigi sje höfðað mál á móti honum til sektar fyrir brot á samþykktinni.

Þetta tilkynnist yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar.

33 23. marz.

Auglýsing
fyrir sjófarendur.

Til leiðbeiningar fyrir sjófarendur verða frá næstkomandi hausti tendruð eptirfylgjandi ljósker í Gullbringu- og Kjósarsýslu, að tilhlutun hlutaðeigandi hreppsnefnda:

1, *Ljósker á Garðaholti* í Garðahreppi. Það er 101 fet yfir sjáfarmál með hálfföllnum sjó; afstaða þess er 64° 5′ 5″ norðl. br., og 22° 2′ 28″ vestl. lengdar (frá Greenwich) Ljósið ber hærra en öll önnur ljós í Garðahverfi og á Álptanesi, og er undir það byggður stöpull 5 álna hár. Í ljóskerinu á að loga frá 1. okt. til 31. marz ár hvert, frá því að hálfdimmt er að kvöldi og þartil hálfbjart er að morgni.

2, *Ljósker á Brekkuhól* í Bessastaðahreppi. Það er 60 fet yfir sjáfarmál og lýsir 2 mílur undan landi. Í því á að loga frá 1. október til 31. marz ár hvert, meðan eigi er miðabjart fyrir náttmyrkri.